



Skýrsla stjórnar NPA miðstöðvarinnar svf

Starfstímabilið 4. júní 2014 til 13. júní 2015

Skýrsla lögð fram á aðalfundi NPA miðstöðvar 13. júní 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Eigendur NPA miðstöðvar.....	2
Breytingarnar 1. janúar 2015. Hverjir geta verið eigendur og rekstrarform NPA miðstöðvar	3
Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur, eigendur	3
Fjöldi NPA aðstoðarfólks.....	3
Stjórn.....	3
Fjöldi stjórnarfundar.....	4
Starfsmannahald og skrifstofa.....	4
Kjarasamningsmál NPA aðstoðarfólks	4
Jafningjaraðgjöfin	5
NPA verkefnisstjórn	5
Fjöldi NPA samninga á landinu	5
Sveitarfélögin og stjórnsýsla NPA þjónustunnar	5
NPA jafnaðarstundin.....	6
Fræðslumál.....	7
Vefur NPA miðstöðvar	7
NPA rannsókn	7
Fjölmiðlar	7
Evrópudagur um sjálfstætt líf 5. maí 2015	8

NPA miðstöðin - www.npa.is**Inngangur**

Á liðnu starfstímabili hafa verkefni verið fjölbreytt og mörg. NPA samstarfsverkefnið, sem svo hefur verið kallað, einnig nefnt þróunar- og tilraunaverkefni, er starfrækt skv. IV. ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks en þar segir í 1. mgr.:

„Sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks skal komið á um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með markvissum og árangursríkum hætti. Miða skal við að þjónustan verði skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans um leið og hún verði sem heildstæðust milli ólíkra þjónustukerfa.“

Í 5. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðis segir:

„Faglegt og fjárhagslegt mat á samstarfsverkefninu skal fara fram fyrir árslok 2014 en þá skal verkefninu formlega vera lokið. Enn fremur skal ráðherra eigi síðar en í árslok 2014 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk og skal efni frumvarpsins m.a. taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins.“

Félagsmálaráðherra, Eygló Harðardóttir, lýsti því formlega yfir 22. október 2014 með tilkynningu á vef Velferðarráðuneytis að NPA samstarfsverkefnið yrði framlengt til ársloka 2016, en stjórnarfrumvarp ráðherra sem mun festa þessa framlengingu í lög er enn til afgreiðslu á Alþingi. NPA miðstöðin sendi ályktun til Alþingismanna og fleiri þar sem frestun á lögleiðingu NPA þjónustunnar var mótmælt. Töluverðar umræður urðu á Alþingi þegar frumvarpið um framlenginguna var lagt fram. NPA miðstöðin hefur fylgst með framgangi frumvarpsins og m.a. hefur formaður miðstöðvarinnar farið á fund velferðarnefndar Alþingis vegna þessa og verið í sambandi við nokkra Alþingismenn vegna málsins, en breiður stuðningur við NPA virðist vera til staðar á Alþingi Íslendinga.

Vinna stjórnar á starfstímabilinu hefur einkennst af því að NPA samstarfsverkefnið er enn á þróunarstigi, m.a. hjá hinni opinberu stjórnsýslu. Af því leiðir að fjölmargar spurningar og álitamál hafa komið upp nánast varðandi alla þætti NPA framkvæmdarinnar. Þetta er m.a. vegna þess að lög og regluverk er ennþá í mótun og þekking margra aðila á NPA og hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf þarf að aukast og dýpka. Reynslan af NPA samstarfsverkefninu er einnig að skila miklum ávinningi.

Eigendur NPA miðstöðvar

Eigendur NPA miðstöðvarinnar eru nú 12 og sem eru þá með umsýslu sína hjá miðstöðinni. Af þeim eru 2 með beingreiðslusamninga, en þeir eru meðhöndlaðir á sama hátt hjá miðstöðinni og NPA samningar, m.a. hvað varðar 10% umsýslugjaldið til miðstöðvarinnar. Hinir 10 eru eigendur með NPA samninga. Verkefni framundan er að semja vinnureglur, reglur um verkaskiptingu, hlutverk og ábyrgð NPA miðstöðvar annarsvegar og eigenda hinsvegar, sbr. 3. gr., a. liður, í samþykktum NPA miðstöðvarinnar. Nokkur vinna var lögð í þetta á starfstímabilinu. Einn þáttur í framangreindu verður sérstakur samningur milli eiganda og NPA miðstöðvar, sem gera þarf þegar NPA notandi er samþykktur sem eigandi með umsýslu hjá miðstöðinni.

Breytingarnar 1. janúar 2015. Hverjir geta verið eigendur og rekstrarform NPA miðstöðvar

Allt frá stofnun NPA miðstöðvar þann 16. júní 2010 hafa verið ákvæði til bráðabirgða í samþykktum miðstöðvarinnar, sem gerðu fötluðu fólki kleift að vera með félagsaðild að NPA miðstöðinni ef félagsmaður hefði eða hygðist sækja um NPA samning hjá sínu sveitarfélagi. Ástæða þessa var sú að við stofnun NPA miðstöðvar höfðu engir NPA samningar verið gerðir og því þurfti bráðabirgðaákvæði til að hefja starfsemi miðstöðvarinnar með því að til yrðu félagsmenn.

NPA miðstöðin er samvinnufélag, félagsform fyrir atvinnurekstur skv. lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög, fjármagnað og rekið af eigendum til að veita þeim sjálfum umsýsluþjónustu vegna NPA samninga sinna, sbr. 4. gr. samþykktu miðstöðvarinnar. Rekstrartekjur koma frá 10% umsýslugjaldi skv. NPA samningum eigenda. Félagsmenn voru þegar mest var u.þ.b. 50. Þegar NPA miðstöðin fór að fá NPA samninga í umsýslu og þar með formlega eigendur fór miðstöðin að fá reglubundnar tekjur. Í framhaldi af því var farið að ræða hvenær bráðabirgðaákvæðið yrði fellt úr gildi. Leitast var við að hafa langan aðdraganda að þessu og að lokum var ákveðið á félagsfundinum að bráðabirgðaákvæðið félli úr gildi frá og með 1. janúar 2015. Ef fatlað fólk vill sækja um NPA samning hjá sínu sveitarfélagi er NPA miðstöðin tilbúin til að veita aðstoð til þess, en væntanlegur NPA notandi verður þá að skuldbinda sig til að nota miðstöðina sem umsýsluaðila í tiltekinn tíma þegar NPA samningur er fenginn. Þess skal getið að skv. 12. gr. samþykktu NPA miðstöðvar er hún starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal eigendum ekki greiddur út arður af starfseminni. Helsta fyrirmynd að NPA miðstöðinni er ULOBA í Noregi (www.uloba.no). ULOBA er elsta og stærsta samvinnufélag í eigu fatlaðs fólks með NPA samninga í Noregi og er fjöldi eigenda u.þ.b. 1000 og fjöldi NPA aðstoðarfólks er u.þ.b. 6000 starfsmenn.

Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur, eigendur

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll einhverju hinna 15 þjónustusvæða, sem mynduð voru vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Eigendur NPA miðstöðvar skiptast niður á 7 þjónustusvæði; 4 í Reykjavík, 3 í Mosfellsbæ, 1 í Kópavogi, 1 í Garðabæ, 1 í Hafnarfirði, 1 í Borgarnesi og 1 á Dalvík.

Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Um síðustu áramót gegndu 44 stöðu NPA aðstoðarfólks hjá eigendum NPA miðstöðvar, í mismunandi starfshlutfalli.

Stjórn

Á aðalfundi NPA miðstöðvar 4. júní 2014 voru þessi kjörin í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum þann 11. júní 2014:

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
- Ádís Jenna Ástud. Ástráðsdóttir, varaformaður
- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri
- Ragnar Gunnar Þórhallsson, ritari
- Ágústa Eir Guðnýjardóttir, meðstjórnandi

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Andri Valgeirsson, 1. varafulltrúi
- Guðmundur Magnússon, 2. varafulltrúi
- Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 3. varafulltrúi

Þann 31. desember 2014 féll úr gildi ákvæði til bráðabirgða í samþykktum NPA miðstöðvar er heimilaði að fatlað fólk gæti verið eigendur í NPA miðstöðinni, þrátt fyrir að viðkomandi væri ekki með beingreiðslu eða NPA samning í gildi eða með slíkan samning en notaði NPA miðstöðina ekki sem umsýsluaðila. Við þessa breytingu fækkaði eigendum í miðstöðinni frá og með 1. janúar 2015 og eru nú 12. Við breytinguna féllu þessi úr stjórn og varastjórn: Ágústa Eir Guðnýjardóttir, Andri Valgeirsson og Guðmundur Magnússon. Tók Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir 3. varafulltrúi þá sæti stjórn. Breytingarnar 1. janúar 2015 voru undirbúnar með upplýsingagjöf til eigenda o.fl. þannig að þær gengju vel fyrir sig og komu ekki upp vandamál við framkvæmdina.

Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu voru haldnir 17 stjórnarfundir; 9 á árinu 2014 og 8 á árinu 2015.

Starfsmannahald og skrifstofa

Eftir að framkvæmdastjóri, skrifstofumaður og þáverandi formaður stjórnar höfðu allir lokið störfum hjá miðstöðinni í upphafi árs 2014 hafa ekki verið ráðnir nýir starfsmenn í þeirra stað. Núverandi formaður og einstakir stjórnarmenn hafa unnið nauðsynlegustu verk, bæði í sjálfböðavinnu og einnig vinnuframlag sem greitt hefur verið fyrir. Þetta var gert til að draga úr kostnaði, byggja upp og bæta fjárhagsstöðu NPA miðstöðvarinnar, sem gengið hefur vel eftir eins og ársreikningur miðstöðvarinnar fyrir árið 2014 ber með sér, en stjórnin lagði áherslu á þetta allt starfstímabilið. Skrifstofan var eins og áður staðsett hjá Nýsköpunarmiðstöðinni, Keldnaholti, Árleyni 8, Reykjavík, eða allt til loka nóvember 2014, en þá urðum við, að beiðni Nýsköpunarmiðstöðvar, að flytja út vegna breytinga á húsnæðinu að Árleyni 8. Stjórninni er það ljóst að NPA miðstöðin þarf að opna skrifstofu að nýju fyrir aðsetur miðstöðvarinnar og ráða starfsmann í a.m.k. hlutastarf. Það þarf að þjónusta núverandi eigendur NPA miðstöðvar enn betur og kynna kosti miðstöðvarinnar fyrir fólki með NPA samninga þannig það sjái hag sinn í að til að koma til miðstöðvarinnar með sína umsýslu og gerast þannig eigendur. Fjölgun eigenda er skilyrði fyrir því að unnt sé að þróa og auka þjónustu NPA miðstöðvarinnar. Nú er fjárhagsstaða að skapast sem gerir þetta kleift og leit að hentugu húsnæði til að hýsa skrifstofuna hefur verið í gangi, en þar þarf að fara saman hagkvæmni, gott aðgengi fyrir fatlað fólk, rými, staðsetning o.fl. Bókhald og öll launaumsýsla miðstöðvarinnar er eins og áður unnið af Cilian ehf, bókhaldsþjónustu.

Kjarasamningsmál NPA aðstoðarfólks

Í stjórnarfrumvarpi félagsmálaráðherra, sem mun festa í lög framlengingu NPA samstarfsverkefnisins til ársloka 2016 og er til afgreiðslu á Alþingi, er einnig gert ráð fyrir lagabreytingu sem mun heimila stéttarfélögum að semja um sveigjanlegra vinnu- og vaktafyrirkomulag fyrir NPA aðstoðarfólk. M.a. varðandi sofandi vaktir og sólarhringsvaktir. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem bíða NPA miðstöðvar að sinna á næstunni, en vinna við endurnýjun á NPA sérkjarasamningi miðstöðvarinnar við Eflingu (Flóabandalag) og SGS, Starfsgreinasambandið, hefst væntanlega seint í júní 2015 þegar og ef nýgerðir aðalkjarasamningar þessara stéttarféлага hafa verið samþykktir af félagsmönnum þeirra. NPA sérkjarasamningarnir runnu út 28. febrúar 2015. Stjórn miðstöðvarinnar hefur fylgst með og verið í sambandi við SGS og Eflingu síðustu mánuði, m.a. vegna verkfallsmála NPA aðstoðarfólks, en á þessari stundu virðist ólíklegt að til verkfalls muni koma hjá aðstoðarfólki. NPA miðstöðin hefur þó undirbúið sig varðandi það að sækja um undanþágu frá verkfalli fyrir sitt NPA aðstoðarfólk ef til verkfalls kæmi og verið í sambandi við stéttarfélagin vegna þessa.

Jafningjaráðgjöfin

Boðað var til þriggja jafningjaráðgjafafunda á starfstímabilinu. Fundirnir voru haldnir á miðvikudögum frá kl. 17:15 til 19:15 í fundarsal Nýsköpunarmiðstöðvar, Keldnaholti. Umræðuefni fyrsta fundar þann 10. september 2014 var um stéttarfélags- og kjaramál NPA aðstoðarfólks o.fl. því tengt og það sem helst brennur á NPA notendum. Annar fundur var haldinn 8. október 2014 þar sem áherslan var á umfjöllun um NPA aðstoðarfólk og ráðningarferlið; m.a. um það að auglýsa eftir fólki, að taka viðtöl, hvað ber að gera ef segja þarf upp NPA aðstoðarmanni o.fl. Þriðji fundurinn var haldinn 12. nóvember 2014 og var þema fundarins um það að vera í hlutverki vinnuveitanda/verkstjórnanda, að leiðbeina og þjálfra aðstoðarfólk og skipuleggja vaktir. Þessir jafningjaráðgjafafundir tókust vel og eru tvímælalaust nauðsynlegir. Aukin og vaxandi reynsla NPA notenda skilar sér í gagnlegum jafningjaráðgjafafundum. Umsjón með jafningjaráðgjöfinni höfðu Ágústa Eir Guðnýjardóttir, Ásdís Jenna Ástud. og Ástráðsdóttir og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir.

NPA verkefnisstjórn

NPA verkefnisstjórn Velferðarráðuneytis er 7 manna: Formaður og 1 fulltrúi til viðbótar er skipaður af félagsmálaráðherra, 3 tilnefndir af sveitarfélögum. ÖBÍ og Landssamtökin Þroskahjálpi tilnefna svo 1 fulltrúa hvor. Síðan hefur NPA miðstöðin átt 1 áheyrnarfulltrúa á fundum NPA verkefnisstjórnar. Á starfstímabilinu sátu Hallgrímur Eymundsson og Ágústa Eir Guðnýjardóttir fundi NPA verkefnisstjórnar, einkum þó Hallgrímur. Ragnar Gunnar Þórhallsson tók við sem áheyrnarfulltrúi NPA miðstöðvar í mars 2015, en Hallgrímur Eymundsson er varamaður hans. NPA verkefnisstjórnin hefur haldið um 80 fundi frá því hún var sett á laggirnar. Um þessar mundir er NPA verkefnisstjórnin m.a. að endurskoða NPA handbókina, samningsformin og ýmislegt varðandi NPA framkvæmdina. Gert er ráð fyrir að næsta útgáfa NPA handbókarinnar verði tilbúin í október 2015.

Fjöldi NPA samninga á landinu

Fjöldi NPA samninga sem eru í gangi á landinu öllu mun vera u.þ.b. 50. Til ársloka 2016, á tímabili NPA samstarfsverkefnisins, hefur NPA verkefnisstjórnin ekki gert ráð fyrir mikilli fjölgun NPA samninga, en það ræðst af fjárveitingum ríkis og sveitarfélaga til verkefnisins. Þó virðast mörg sveitarfélög hafa áhuga á því að breyta gildandi beingreiðslusamningum, sem þau hafa gert við fatlað fólk eða aðstandendur fatlaðra barna, í NPA samninga. Þarna liggja tækifæri fyrir NPA miðstöðina að fá fleiri NPA notendur í umsýslu hjá miðstöðinni.

Sveitarfélögin og stjórnsýsla NPA þjónustunnar

Skipulag NPA þjónustunnar fellur undir stjórnsýslu hinna 15 þjónustusvæða sveitarfélaga sem nú eru til staðar fyrir þjónustu við fatlað fólk á landinu. Til að NPA miðstöðin geti starfað og haft NPA notanda, sem á lögheimili innan tiltekins þjónustusvæðis, í umsýslu hjá miðstöðinni verður NPA miðstöðin að hafa starfsleyfi frá þjónustusvæðinu. Einnig þarf NPA miðstöðin að gera NPA samstarfssamning við þjónustusvæðið, sem er einskona rammamarkmið sem m.a. heimilar NPA notanda sem býr innan þjónustusvæðis að nota miðstöðina sem umsýsluaðila. Ákvæðin um starfsleyfin og NPA samstarfssamninga er að finna í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Þrátt fyrir að ákvæðin samningsform hafi verið gerð af hálfu NPA verkefnisstjórnar hafa þjónustusvæðin útfært NPA samstarfssamninga með mismunandi hætti að nokkru leyti og sama gildir um NPA samningana við NPA notendur og NPA reglur þjónustusvæðanna. Ennfremur er fjárhæð NPA jafnaðarstundar í mörgum tilvikum mismunandi milli þjónustusvæða. Þá er afstaða og krafa sveitarfélaga um skilagreinar, upplýsingagjöf og eftirlit mismunandi milli þjónustusvæða. Ef NPA

miðstöðin ætlar að starfa á öllum þjónustuvæðunum 15, sem vilji er til, þá þarf að fá starfsleyfi og gera NPA samstarfssamninga við öll svæðin 15 auk samninga við hvern og einn NPA notanda. Hvert hinna 15 þjónustuvæða hefur eftirlitshlutverk gagnvart þjónustuaðilum sem hafa starfsleyfi. NPA miðstöðin mun beita sér fyrir því að þetta skipulag stjórnsýslunnar verði einfaldað og að þjónustuvæðin samræmi meira og vinni saman varðandi ýmsa framkvæmd NPA þjónustunnar og ryðji burt hindrunum. Ef NPA notandi flytur lögheimili sitt milli þjónustuvæða eru ýmsar stjórnsýslulegar hindranir til staðar, t.d. krafa um að hafa verið búsettur og með lögheimili í sveitarfélagi í til tiltekinn tíma áður en réttur til að sækja um NPA samning myndast.

NPA miðstöðin er í margvíslegum samskiptum við þjónustuvæðin vegna NPA notenda sinna. Einnig eru dæmi um að sveitarfélög hafi að sínu frumkvæði leitað til NPA miðstöðvarinnar vegna ráðgjafar á innleiðingu NPA þjónustu fyrir fatlað fólk í sveitarfélaginu, en því hefur verið vel tekið. Fyrir áramót kom upp ágreiningur við eitt sveitarfélag um hvort NPA miðstöðinni væri skylt að afhenda persónugreinanlegar launaseðlaupplýsingar til sveitarfélagsins. NPA miðstöðin sendi erindi til Persónuverndar þann 10. desember 2014 og gaf Persónuvernd skriflegt álit sitt með bréfi dags. 29. maí 2015 til miðstöðvarinnar, en í niðurlagi þess í álitsorðum segir að NPA miðstöðinni sé ekki skylt að afhenda viðkomandi sveitarfélagi mánaðarlega sérgreindar launaseðlaupplýsingar starfsfólks miðstöðvarinnar.

Ýmsir fundir hafa verið haldnir með sveitarfélögum, m.a. með velferðarráði og velferðarsviði Reykjavíkurborgar um NPA framkvæmdina.

NPA jafnaðarstundin

NPA jafnaðarstundin er taxti, fjárhæð á hverja klukkustund, sem samanstendur af 85% launakostnaði og 5% starfsmannakostnaði, til ráðstöfunar fyrir NPA notandann og 10% umsýslugjaldi, sem er rekstrartekjur umsýsluaðilans. Stærsti vandinn á starfstímabilinu hefur verið að fá sveitarfélögin til að hækka fjárhæð NPA jafnaðarstundar til samræmis við kjarasamningsbundnar launahækkanir NPA aðstoðarfólks. Síðustu launahækkanir voru 1. febrúar 2014. Þó viðmiðunarfjárhæð NPA jafnaðarstundar (nú 3.090 kr) sé ákveðin af ráðuneytinu og NPA verkefnisstjórn þá hafa sveitarfélögin (þjónustuvæðin) hvert um sig ákvörðunarvaldið er varðar fjárhæðina. Áheyrnarfulltrúi miðstöðvarinnar í NPA verkefnisstjórn lagði fram vorið 2014 ítarlega útreikninga, byggða á raunverulegum launakostnaði miðað við árið 2014, þar sem m.a. var tekið tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana 1. febrúar 2014 á launakostnaði NPA aðstoðarfólks. Eftir að viðmiðunarfjárhæð NPA jafnaðarstundar var hækkuð í 3.090 kr fór í gang vinna hjá miðstöðinni við að hafa samband við sveitarfélögin og fá þau til þess að hækka NPA jafnaðarstund og þar með NPA fjárframlög til NPA notenda. Í öllum tilvikum hækkuðu sveitarfélögin ekki NPA jafnaðarstundina fyrr en mörgum mánuðum og allt að ári eftir launahækkarnar sem urðu 1. febrúar 2014 og þá ekki afturvirkir nema að mjög takmörkuðu leyti og einhver eru ennþá með upphaflegu upphæðina, 2.800 kr. Þetta hefur valdið mörgum NPA notendum verulegum vandræðum, jafnvel skuldsetningu, og er bein skerðing á NPA aðstöðinni. NPA notendur í dag verða í raun að fækka vinnustundum aðstoðarfólks síns þegar launahækkanir verða skv. kjarasamningum ef þeir eiga að halda kostnaði innan NPA fjárframlags sveitarfélags. Jafnvel þó þeim hafi í NPA samningi í upphafi verið úthlutað tilteknum vinnustundafjölda aðstoðarfólks þá dugar ekki NPA fjárframlagið fyrir raunverulegum launakostnaði þess vinnustundafjölda. Í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum, sem munu gilda frá 1. maí 2015, er í farvatninu að NPA launakostnaður muni hækka u.þ.b. 10% frá og með 1. maí 2015.

Brýnasta verkefnið framundan er því að fá framgengt að NPA jafnaðarstundin hækki alltaf um leið og launahækkunarir verða skv. kjarasamningum og núna strax afturvirkir frá 1. maí 2015. Þetta þarf að vera bundið í NPA samningum og fjárhæð NPA jafnaðarstundar að vera sú sama á landsvísu til að jafnræðis sé gætt. Einnig þarf að endurskoða þær forsendur sem NPA jafnaðarstundin er byggð á hvað varðar launakostnað, að þar sé betur tekið mið af raunverulegum launakostnaði, sem bundinn er í ákvæðum kjarasamninga, lögum og reglum er launakostnaðinn varða. Stjórn NPA miðstöðvar hefur rætt að NPA sérkjarasamningar við Eflingu og Starfsgreinasambandið verði ekki endurnýjaðir nema fyrir liggi að sveitarfélögin muni hækka NPA jafnaðarstundina og afturvirkir frá og með 1. maí 2015 til samræmis við nýgerða kjarasamninga.

Þess skal getið að nýlega leiðrétti Reykjavíkurborg NPA samninga eigenda hjá miðstöðinni afturvirkir alveg frá 1. febrúar 2014 og viðurkenndu þannig kostnaðarauka sem af launahækkunum varð frá þeim tíma. Nokkur önnur sveitarfélög hafa að hluta til komið á móts við NPA notendur sem hafa lent í vandræðum með launakostnað um fram það sem mánaðarlegt NPA fjárframlag sveitarfélags gerir ráð fyrir á gildistíma NPA samnings við NPA notandann.

Fræðslumál

Verulega vinnu á eftir að leggja í að þróa fræðslu fyrir NPA notendur (NPA verkstjórnendur) og NPA aðstoðarfólk. Stéttarfélögin, Starfsgreinasambandið og Efling, hafa aðkomu að fræðslu fyrir NPA aðstoðarfólk á þann hátt að í NPA sérkjarasamningunum við stéttarfélögin frá febrúar 2013 er grein um að þróa fræðslu sem hentar aðstoðarfólki og fengu stéttarfélögin styrk úr þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar til verksins. Ekki hefur gefist tími til að vinna að þessu verkefni af hálfu NPA miðstöðvar. Reynsla norrænu þjóðanna er að fræðsla er mjög mikilvæg fyrir alla aðila sem koma að NPA þjónustunni og þar eru NPA notendurnir sjálfir efstir á blaði.

Vefur NPA miðstöðvar

Í vor varð vefsetur NPA miðstöðvar, www.npa.is, fyrir árás hakkara, líklega erlendis frá. Í framhaldi af því lá vefurinn niðri um tíma en hefur nú verið endurnýjaður og uppfærður að mestu leyti og með nýju viðmóti sem sniðið er bæði að venjulegum tölum og einnig spjaldtölum og snjalltækjum. Hallgrímur Eymundsson hefur eins og áður umsjón með vefnum.

NPA rannsókn

Um þessar mundir er farin í gang NPA rannsókn, mat á samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð. Félagsvísindastofnun HÍ hefur umsjón með framkvæmd rannsóknarinnar sem unnin er að beiðni Velferðarráðuneytisins. Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd koma að rannsókninni auk Hagfræðistofnunar HÍ. M.a. munu allir núverandi NPA notendur verða þátttakendur í rannsókninni nema þeir afþakki það. Rannsóknin mun vonandi gefa gagnlegar upplýsingar um NPA framkvæmdina þegar niðurstöður hennar verða birtar.

Fjölmiðlar

Nokkur umfjöllun um NPA, m.a. viðtöl við NPA notendur, hefur verið í fjölmiðlum á starfstímabilinu, m.a. í dagblöðum, á vefmiðlunum og í sjónvarpi. Þetta er mikilvægur þáttur í að auka þekkingu og fá viðurkenningu og stuðning samfélagsins á NPA og mannréttindakröfum NPA notenda.

Evrópudagur um sjálfstætt líf 5. maí 2015

European Independent Living Day (ENIL), Evrópudagur um sjálfstætt líf, var haldinn í ýmsum löndum Evrópu 5. maí 2015, nú í annað skiptið. NPA miðstöðin var með gjörning í Kringlunni, verslunarmiðstöð, síðdegis þennan dag þar sem NPA notendur voru "hlekkjaðir" með keðjum og hengilás við sveitarfélagið, sem einn af þátttakendum lék. Atburðurinn tókst vel. Þema okkar var "Átthagafjötrar og vistarbönd", en hugmyndin var að vekja athygli á þeim hindrunum sem eru til staðar fyrir NPA notendur að velja sér búsetustað á Íslandi og að flytja á milli sveitarfélaga (þjónustuvæða), sem óneitanlega minnir nokkuð á gömlu vistarböndin frá fyrri tíð.

Að vera borgarar meðal borgaranna, vera við völd í eigin lífi, taka ábyrgð og sinna skyldum, njóta frelsis og tækifæra á við aðra er það markmið og ávinningur sem NPA notendur vilja ná með notendastýrðri persónulegri aðstoð.

Stjórn NPA miðstöðvarinnar